

## Samkomulag

**Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)  
fyrir hönd Grundarheimilanna, Hrafnistuheimilanna  
og Eirar, Skjóls og Hamra annars vegar  
og Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) hins vegar  
vegna breyttrar vaktalengdar í tengslum við betri vinnutíma vaktavinnufólks**

1. Hér á eftir er fjallað um grein 2.6.4 í kjarasamningi aðila sem hljóðar svo: „Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 – 10 klst. Heimilt er, sbr. gr. 2.1.2, að semja um aðra tímalengd vakta. Að öllu jöfnu skulu þeir sem hafa starfið sem aðalstarf ganga fyrir um 8 tíma vaktir óski þeir þess. Jafnframt skal líta til starfsaldurs hjá stofnunum þegar þetta er metið.“
2. SFV fyrir hönd framangreindra aðildarfélaga staðfestir að farið verði að 2. mgr. gr. 2.6.4 í kjarasamningi aðila þar sem segir: „Að öllu jöfnu skulu þeir sem hafa starfið sem aðalstarf ganga fyrir um 8 tíma vaktir óski þeir þess. Jafnframt skal líta til starfsaldurs hjá stofnunum þegar þetta er metið.“ Á þetta einnig við að reynslutímabili loknu.
3. Ákveðinn reynslutími er til 30. september nk. þar sem er látið reyna á það fyrirkomulag sem þegar er búið að setja upp og gefa út í vaktskipulagi, en þar eru í einhverjum tilvikum sjúkraliðar sem að falla undir gr. 2.6.4 í framangreindum kjarasamningi að taka vaktir styttri en 8 klst.
4. Undir lok reynslutíma verður farið að nýju í samtöl við sjúkraliða. Rammi samtala yrði samræmdur milli heimila þar sem rædd yrði reynsla af verkefninu og vaktalengd. Punktur teknir saman og kynntir innleiðingarhópi SFV. Óski sjúkraliði eftir því að fulltrúi SLFÍ verði viðstaddur samtali um fyrirkomulag verður stofnunin við því.
5. Unnið verður úr niðurstöðu samtala við sjúkraliða og fundin leið sem hentar þeim og starfsemi inn á marka kjarasamninga að mati samningsaðila.
6. Í þeim undantekningartilvikum sem starfsmaður fellir sig alls ekki við samkomulag þetta skal farið yfir málið með starfsmanninum og lausn fundin.
7. Undir lok reynslutíma skulu samningsaðilar fara yfir lykilmælikvarða sem settir eru fram í viðauka 2 í fylgiskjali 2.

Framangreind aðildarfélög SFV vilja með þessu gefa sjúkraliðum tækifæri til að kynnast nýju kerfi um betri vinnutíma í vaktavinnu og nýjum þáttum þess en að auki að setja sig inni áhrif þess á laun og vinnuskil.

Reykjavík, 30. apríl 2021

f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

*Kristín Ólafsson Jónsdóttir*

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands

*Gunnar Jónsson*

